

AUGLÝSING

51

21. maí

um breyting á samþykkt um lokunartíma sölubúða og takmörkun á vinnutíma sendisveina í Reykjavík nr. 121, 27. nóvember 1934, sbr. breytingu á þessari samþykkt frá 19. júlí 1935.

1. gr.

2. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Alla virka daga ársins aðra en föstudaga skal sölubúðum og sölustöðum lokað eigi síðar en kl. 6 síðdegis, en á föstudögum eigi síðar en kl. 8 síðdegis og þær eigi opnaðar aftur fyrr en kl. 8 árdegis næsta virkan dag. Þó skulu vera þær undantekningar frá þessu, er nú skal greina:

Aðfangadag jóla og gamárskvöld skal sölubúðum og sölustöðum lokað eigi síðar en kl. 4 síðdegis.

Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla skal heimilt að halda sölubúðum og sölustöðum opnum til miðnættis, svo og einn dag á undan þessum degi þremur virkum dögum áður. Á tímabilinu frá 15. maí til 14. september skal á laugardögum loka sölubúðum og sölustöðum eigi síðar en kl. 1 síðdegis. Þó má jafnan vera opið til kl. 6 síðdegis laugardaginn fyrir hvítasunnu.

Ef skortur er á eldsneyti eða ljósmeti í bænum, eða útlit fyrir að skortur geti orðið á því, þá er bæjarstjórninni heimilt að ákveða að sölubúðum og sölustöðum skuli um lengri eða skemmri tíma lokað fyrr en kl. 6 síðdegis og þær opnaðar síðar en kl. 8 árdegis á virkum dögum.

2. gr.

2. málsgr. 3. gr. orðist svo:

Hinn 1. maí, 17. júní og 1. desember skal öllum sölubúðum og sölustöðum lokað kl. 12 á hádegi, ef þessa daga ber upp á virka daga.

3. gr.

4. grein samþykktarinnar orðist svo:

Frá ákvæðum um lokunartíma sölubúða og sölustaða í samþykkt þessari skal sú undanþága vera, að brauðsölubúðum og mjólkurbúðum má halda opnum, eingöngu til sölu á brauði, kökum, mjólk, rjóma og skyri, sem hér segir:

Alla almenna virka daga þar á meðal föstudaga, sem engin undantekningar-ákvæði eru um í samþykkt þessari, svo og laugardaga frá 15. til 31. maí og 1. til 14. september til kl. 7 síðdegis. Laugardaga á tímabilinu 1. júní til 31. ágúst til kl. 4 síðdegis.

Almenna helgidaga, sumardaginn fyrsta og fyrsta mánudag í ágústmánuði frá kl. 9 árdegis til kl. 1 síðdegis og fyrsta sunnudaginn í sjöviknaföstu til kl. 5 síðdegis.

Ákvæði samþykktarinnar ná ekki til lyfjabúða.

4. gr.

8. gr. orðist svo:

Innheimtu, útsendingu á vörum og bréfum, er sendisveinar starfa að, skal lokið eigi síðar en 1 klukkustund eftir lokunartíma sölubúða og sölustaða, verkstæða eða skrifstofa, og daginn fyrir almenna frídaga eigi síðar en tveim klukkustundum eftir lokunartíma.

51 Samþykkt þessi, sem gerð er af bæjarstjórn Reykjavíkurkaupstaðar, samkvæmt
21. maí lögum nr. 17, 1. febr. 1936, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 21. maí 1937.

Haraldur Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

52
24. maí

REGLUGERÐ

um eftirlit með útlendingum.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 59 frá 23. júní 1936, um eftirlit með útlendingum, er hér með sett eftirfarandi reglugerð:

I. Um komu útlendinga til landsins.

1. gr.

Hver erlendur ríkisborgari, sem kemur til Íslands, skal hafa vegabréf nema öðruvísi sé ákveðið með samningum við önnur ríki. Á þetta einnig við þá erlenda ríkisborgara, sem búsettir eru hér á landi, en fara utan og koma hingað aftur. Hins vegar gildir það ekki um þá, sem eru íslenzkir ríkisborgarar og geta sannað ríkisfang sitt með öðrum heimildarskjölum eða á annan hátt.

Ef maður og (eða) eiginkona og börn þeirra undir 16 ára aldri ferðast saman, er þeim heimilt að nota sameiginlegt vegabréf.

Dómsmálaráðuneytið getur í einstökum tilfellum heimilað notkun sameiginlegs vegabréfs fyrir hópferðir, félög og aðra, sem ferðast í félagi.

Dómsmálaráðherra getur þó með þeim skilyrðum og takmörkunum, sem þurfa þykir, undanþegið frá framangreindum ákvæðum þá ferðamenn, sem koma til landsins snögga ferð, enda færi þeir sönnur á, að þeir ætli úr landi með næstu ferð þess skips, er þeir komu með.

2. gr.

Í vegabréfi skal greina: Fullt nafn viðkomanda, stétt eða atvinnu, fæðingarstað, fæðingardag og ár, heimilisfang, ríkisborgararétt, sérkenni og til hvaða tíma vegabréfið gildir.

3. gr.

Í vegabréfi skal vera nýleg og lík ljósmynd af viðkomanda stimpluð með embættisstimpli þess yfirvalds, sem gefið hefir vegabréfið út. Skal stimplað þannig, að nokkur hluti stimpilsins komi fram á myndinni, en nokkur hluti utan hennar á vegabréfinu.

Viðkomandi skal rita nafn sitt á vegabréfið með eigin hendi og ber útgefanda vegabréfsins að votta á það, að svo hafi verið gert.

Er eiginmaður og eiginkona ferðast með sameiginlegt vegabréf, skulu í vegabréfinu vera myndir af þeim báðum og aðrar upplýsingar um hvort þeirra um sig sem í venjulegum vegabréfum. Séu börn undir 16 ára talin á vegabréfi foreldra eða foreldris, er nægilegt að tilgreina nöfn og aldur barnanna.

Ekki má nein leiðrétting vera í texta vegabréfs.